

## Íþróttafélagið Stefnir

### Aðalfundur 20.02. 2025

Mættir Svava Rán Valgeirsdóttir formaður, Þorgerður Karlsdóttir gjaldkeri, Dominic Bochra meðstjórnandi, Katarzyna Maliszewska meðstjórnandi og Svala Sigríður Jónsdóttir ritari.

Formaður Svava Rán býður fundargesti velkomna, setur fundinn og skipar Svölu Sigríði fundarstjóra/ritara.

1. Fyrsta mál á dagskrá er skýrsla formanns fyrir árið 2024. Formaður Svava Rán les skýrsluna þar sem farið er yfir störf félagsins á liðnu ári.  
Skýrslan borin undir atkvæði og eru allir samþykktir.
2. Annað mál á dagskrá, reikningar félagsins fyrir árið 2024. Gjaldkeri Þorgerður leggur fram og fer yfir reikningana, þeir hafa verið yfirfarnir og samþykktir af endurskoðanda Kristínu Ósk Egilsdóttur. Samþykktir af fundinum án athugasemda.
3. Önnur mál
  - Rætt var um eignarhlut okkar í Félagsheimilinu sem er 15%. Það þarf að fara í framkvæmdir á félagsheimilinu og rætt var um hvernig félagið gæti komið að því. Félagið hefur huga á því að koma að uppbyggingu félagsheimilisins enda tengist húsið svo mikið sögu félagsins, sem tók þátt í því að byggja húsið og er samofin sögu Suðureyrar. Svava hefur umboð okkar til að taka þátt í umræðum þar að lútandi. Ákveðið var m.a. að skipuleggja áheitasöfnun til styrktar HOF Sú, nánari útlistun kemur síðar.
  - Öskudagur. Öskudagsballið verður 5. mars klukkan 17:00. Þorgerður pantar húsið og kaupir pylsur og safa. Svava athugar hvort Lilja Einarsdóttir sé til í að stjórna leikjum og dansi og Jósef Ægir verður DJ.
  - Ræktin á Suðureyri. Það vantar tilfinnanlega betra eftirlit með ræktinni og fundurinn hvetur Ísafjarðarbæ til að setja upp myndavél fyrir starfsmann til að fylgjast með til öryggis.
  - Kolbrún Fjóra hefur verið með sumarnámskeiðin okkar síðustu 2 sumur og almenn ánægja með hana. Formaður ætlar að hafa samband við hana fljótlega til að ræða komandi sumar.

Fundi slitið 21:15